

Ólafur Haukur Símonarson

Brestur

I.

Þau eru nývöknud þegar Indriði birtist í dyrunum. Hann hlammar sér niður við eldhúsbordið, tekur tappann úr hitakönnunni, en hún er tóm.

— Hvað er að? spyr móðir drengsins.

— Það vantar kaffi, segir Indriði.

Lengi vel fær Alda ekkert annað svar, en með þolinmæði tekst henni smámsaman að toga uppúr Indriða að nóttin hafi öll farið í hafarí, þeir hafi fest í hraunkarga, slitid vírana, slætt í fleiri klukkustundir áður en þeir náðu nóttinni upp, en þá var hún öll í henglum.

— Ergilegur andskoti, segir Indriði og heldur báðum höndunum um kaffibollann einsog hann sé hræddur um að hann fjúki, — ergilegur djöfull þegar hann loksins gefur sig til. Það festist ekki á meðan hvergi fæst kvikindi, en um leið og einhvers staðar er neisti situr allt pinnhelvíti djöfull klossfast.

— Það kemur dagur eftir þennan dag, segir Alda.

— Það er einsog ólukkan elti mann, segir Indriði. — Þeir eru líklega að setja í hann hinir djöflarnir fyrst maður er í landi.

Drengurinn hlustar á Indriða og fær tár í augun af vonsku. Drífan, Njáll, Baldur og Súlan úti að mofkiska á meðan Svanurinn liggur í höfn í reiduleysi með allt í henglum. Drengurinn óskar þess innilega að þeir botnfesti allir og þurfi að koma inn með næturnar í henglum eða gleymi að hnýta fyrir pokana eða brjóti niður spilin eða vélarnar bræði úr sér.

— Djöfull er að sjá á þér hausinn, segir Indriði og sporðrennir fiórðu braudsneiðinni. — Hvernig væri nú að andskotast til að

láta klippa sig. Þú ferð ekki hænufet útá sjó með mér fyrren þú ert búinn að láta klippa þig. Er það skilið?

Drengurinn læst ekki heyra. Hann starir útum eldhúsgluggann. — Heyrirðu ekki hvað ég segi, ítrekar Indriði, þú ferð ekkert með mér útá sjó karl minn nema þú lítir út einsog mennskur maður.

— Maður á ekki að ganga á bak orða sinna, segir Alda.

— Hann fer ekki útá sjó svona útlítandi, segir Indriði, — þetta eru ekki einsog manneskjur þessir andskotans Bítlar eða hvað þeir heita þessir öskurapar.

— Þeir eru engir öskurapar, segir drengurinn, — að minnsta kosti ekki borið saman við þig.

— Þeir eru apar, segir Indriði, — og láttu klippa þig.

— Ég læt ekkert klippa mig, segir drengurinn.

— Hann getur haft húfu á hausnum ef þetta fer svona í taugarnar á þér, segir Alda, — þú kúgar ekki tiskuna Indriði.

— Láttu klippa þig, segir Indriði, — annars klippi ég þig.

— Farðu að hvíla þig, Indriði, segir Alda.

— Láttu klippa þig, segir Indriði, rís á fætur og reikar inni svefnherbergið. Andartaki síðar nötrar húsið afhrotum hans.

Alda stendur við gluggann, horfir útá sundið. Það er hvítalogn og mávagerið fyrir neðan Fiskiðjuna hverfist um sjálft sig venju fremur letilega.

— Ég mundi láta klippa mig, segir Alda, — fáðu hjá mér pening, þá er málið úr sögunni.

Drengurinn hristir höfuðið.

— Andskotinn og amma hans, segir Alda, — það þyrfti að gera á ykkur mælingar tilað ganga úr skugga um hvor er þrjúskari. Þið sláið öllum sauðkindum við. Æstu hann Indriða ekki upp fyrren hann kemst útá sjó og er kominn aftur að landi með einhvern afla.

Drengurinn svarar engu, klæðir sig í stígvél og úlpu, skellir á eftir sér útihurðinni, stefnir útað Svartaskúr. Hann gefur dúfunum bygg og vatn og hugar að egginu sem ísarinn liggur á. Ætlar þessi úngadjöfull aldrei að birtast.

Þegar hann stígur aftur úti dagsbirtuna sér hann gulbröndótta högnann hennar Ólaffu vera að lufsast glottandi bakvið bílhræið hans Munda. Drengurinn tekur grjót og heldur um stund uppi stórskotahríð.

— Ég læt aldrei klippa mig kattardjöfull! óskrar drengurinn.
— Mjá! segir kötturinn og fer með óskýranlegum hætti tuttugu lengdir sínar úr bíflakinu og nær lóðrétta línu uppí loftið til að læsa klónum í þakbrúnina á hjallinum á næstu lóð.

2.

Drengurinn vindur upp færið sitt, sparkar þessum tveim marhnútsræflum sem hann hefur veitt aftur í olíumengaða höfnina. Hann er í vondu skapi. Það er léleg veiði við bryggjurnar, kunníngjarnir flestir komnir á sjó, í vinnu í frystihúsinu eða í sveit. Á meðan hann rolast hér einn á bryggjunni eru þeir að gera eitthvað skemmtilegt og græða peninga.

Degi er tekið að halla og það er hásjávað og drengurinn hallar sér að lunníngunni á Svaninum og skyrpir í sjóinn milli skips og bryggju. Skúli gamli netagerðarmaður er aftur á hekki við annan mann að stykkja saman nótina.

— Hvað gerir þú í sumar væni minn, segir Skúli gamli og rekur í nál, — ferðu með Indriða á sjóinn?

— Kannski, segir drengurinn.

— Þá fer hann nú varla mikið fyrren í haust, segir hinn maðurinn sem kallaður er Guðni dín galíng af því hann drekkur brennsluspritt á fyllerfum.

— Vertu ekki að stríða strákkvölinni, segir Skúli gamli og klórar sér í hausnum undir sixpensaranum með nálinni.

— Það verður komið haust þegar þessi nót verður aftur orðin að veiðarfæri, segir Guðni dín galíng.

— Indriði á aðra nót, segir drengurinn þrjóskulega, — ég fer út með honum í kvöld.

— Já, hann á aðra nót úti Faxaflóa, segir Guðni og hlær svo berast kolbrunnar geiflurnar, — en það breytir kannski ekki miklu hvar hann geymir hana.

— Vertu ekki að þessu þvaðri, segir Skúli gamli.

— Hvar er hin nótin? spyr drengurinn rínglaður.

— Úti Faxaflóa, segir Guðni og hlær stríðnislega.

— Hún kemur upp seinna, segir Skúli róandi við drenginn, — það getur komið fyrir alla að tapa veiðarfærum.

— Er hin nótin týnd og þessi í henglum? segir drengurinn.

Skúli gamli kínkar kolli og horfir hugsandi á drenginn. Segir

svo: — Hann gerði það gott í netin í vetur hann Indriði. hvað fékk hann, sexhundrað tonn?

— Eitthvað svoleiðis, segir drengurinn, — 579 tonn skráð á hafnarvoginni.

— Það er þrýðisfiskerí, segir Skúli gamli og snýr sér aftur að nótinni, — það ætti ekki að hefjast fyrir honum að fiska í snurvoð, en allir þurfa sinn reynslutíma.

Það berst vélarhljóð utanaf sundinu og drengurinn þarf ekki að líta upp, hann þekkir hljóð allra bátanna í plássinu. Reyndar kann hann skipaskrána utanbókar, veit smálestafjölda, vélar- tegund, hestaflafjölda, smíðastað og smíðaár allra fiskiskípa á landinu. Þetta er Njáll sem er á leið inn sundið, 28 smálestir, smíðaður í Hafnarfirði árið 1955, knúinn nýlegri 300 hestalla Pentavél. Og von bráðar birtist Njáll í hafnarkjaftinum. Báturinn er á lögginni.

— Það er oft fiskur í hraunkantinum eftir suðvestanbrælu einsog í gær, segir Skúli gamli, — þetta eru eftirhreyturnar af vertíðargöngunni.

Um það bil að Njáll rennir að kemur Indriði gangandi ofan bryggjuna. Hann gerir stans við borðstokkinn á Svaninum.

— Hvernig gengur, Skúli? kallar hann.

— Einhverntíma í fyrramálið, segir Skúli. — Nema þú viljir setja í þetta fleiri menn. Ætli við reynum ekki að hánnga yfir þessu í nótt.

Indriði kínkar kolli og kveikir sér í sígarettu. Blár reykurinn líðast útum nefið á honum.

— Í fyrramálið Skúli, segir hann svo, — það er ágætt. Skeríð bara ekki af ykkur fingurna, að minnsta kosti ekki þá sem þið borið í nefið með.

Dín galíngið hlær.

Njáll er með 17 tonn af fallegum þorski. Og nú birtist Drifan í hafnarkjaftinum, hún er líka sigrin. Formaðurinn á Njáli stekkur uppá bryggjuna og þegar hann kemur auga á Indriða fer hann í keng og kveikir sér í sígarettu til að leyndu á nægjuglöttinu.

— Hann var þarna í hraunkantinum Indriði, segir hann svo hárrí hvellri röddu og spýtir á bryggjuna, — þú först aðeins of austarlega. Það eru nibbuhelvíti þarna, stórvarasamar. Það er annaðhvort að kasta vestan við þær eða byrja að lifa áður en skorsteinninn kemur í fjallið. Þá lyftir nótin sér yfir kargann. Misstirðu báðar næturnar?

— Aðra, segir Indriði kæruleysislega, — það var lítil eftirsjá í henni. Hin er miklu skárri, enda slæddum við hana upp.

— Ég held þeir hafi bara allir verið að kroppa, segir formaðurinn á Njáli. — Magnús á honum Jökli fékk rokna hol í morgun rétt fyrir vestan þig, ein tuttugu tonn held ég. Maður verður að henda þessum kvikindum í land og drífa sig út aftur, þessi neisti getur verið búinn á morgun.

Indriði gengur hægt upp bryggjuna, brosir að látunum í formanninum á Drifunni sem að vanda er með mikið sjónarspil og hávaða, skipandi vörubílstjóranum að andskotast til að bakka alminlega að bátnum, þetta sé ekki bílasýning hér á bryggjunni, hann þurfi ekki að halda það, hvort hann ætli að láta þessa belli úldna í lestinni?

Drengurinn fylgir Indriða eftir upp bryggjuna og sér brosið hverfa af andlitinu og einhverskonar grettu koma í staðinn.

— Indriði, byrjar drengurinn . . .

Indriði snarsnýst á hæli.

— Láttu klippa þig gemlíngurinn þinn! öskrar hann. — Þú ferð ekki útá sjó með mér nema þú líkist mennskum manni!

Drengurinn hafði ætlað að segja að það yrði áreiðanlega líka gott fiskerí á morgun. En þess í stað segir hann: — Þú ert asni Indriði og færð aldrei bein úr sjó!

Indriði reynir að hafa hendur í hári drengsins en hann smýgur úr greipum hans, tekur á rás, léttir ekki sprettinum fyrir inni Gamlaslipp, klífrar um borð í Sæfarann, aflóga trébát, fikrar sig ofan mjögan og skreipan tréstiga niðuri lúgarinn sem er dimmur og fullur af drasli, sest á bekkinn hjá ískaldri, ryðgaðri kabysunni og starir framfyrir sig. Sólargeisli brýst gegnum skítuga rúðuna á skjallettinu og lýsir upp andlit drengsins um leið og gráturinn afskræmir það.

3.

— Hafðu frekar hægt um þig, segir Alda þegar drengurinn smokrar sér innu niðyrnar, — Indriði er sofnaður. Hvar hefurðu verið?

— Úti, segir drengurinn.

— Veistu hvað klukkan er?

— Já.

— Hún er tvö eftir miðnætti. Ég hefði getað haldið að þú værir dauður.

— Mér er sama.

— En mér er ekki sama.

— Víst!

— Viltu ekki vekja hann Indriða.

— Er hann fullur?

— Það gæti verið, segir Alda.

— Hann er fífl, segir drengurinn. — Kastar tvisvar sinnum á sömu helvítis hraunnibbuna. Hann er bólvaður auli! Auli!

Drengurinn er byrjaður að hrópa.

— Þegiðu, segir Alda, — ég vil engan ófrið.

En það er of seint, Indriði stendur í dyrunum.

— Auli, segir drengurinn og snýr baki í Indriða, — fær aldrei bein úr sjó!

Indriði gengur að eldhússkápnun, gramsar í skúffunum, finnur loks skærin.

— Láttu þetta ógert Indriði, segir Alda, — ég vara þig við.

Drengnum er kippt upp harkalega og skellt á gólfid með andlitid niður. Indriði sest klofvega ofaná hann og heldur höndum hans í skrúfstykki með vinstri hendi sinni. Drengurinn reynir að hnykkja til höfðinu, en það er ekki til neins. Indriði er byrjaður að klippa af honum hárið einsog hann sé að rýja rollu. Drengurinn æpir fyrst á einni hryglukenndri nótu en svo hættir hann því og liggur kyrr og hljóður á gólfinu á meðan Indriði lýkur við að sarga af honum lánga, rauða lokkana með skærunum.

4.

— Hár vex, segir Alda, — ég skal snyrta það til, þetta verður stutt sumarklipping.

Drengurinn grúfir sig niðri rúmið.

— Hann er farinn á sjó, segir Alda, — komdu á fætur, ég laga þetta til og þú ferð með honum í næsta róður. Indriði var miður sín vegna veiðarfæranna og þar að auki fullur, þú veist það.

— Burt, segir drengurinn.

Um hádegi býst Alda til að fara úti kaupfélag. Þegar dyrnar lokast á hæla henni rís drengurinn úr rúminu. Hann fer framá klósett og skoðar sig í speglinum. Það eru berir skákar á höfðinu en mislángar lýjur á milli. Hann horfir lengi á höfuð sitt í speglinum.

5.

Þegar Alda kom úr búðinni var hann farinn út. Hún fór inní herbergið hans og sá að húfan sem hún hafði lagt á borðið við hliðina á rúminu var horfin.

Klukkan þrjú hitaði Alda kakó og dró fram pakka af súkkuladikexi. Hún fór úti dyr og kallaði en fékk ekkert svar. Klukkan fjögur slökkti hún undir kakóinu og fór út að leita að drengnum. Hún fann hann ekki, hinsvegar fann hún 20 dauðar dúfur úti Svartaskúr. Þær höfðu verið drepnar með öxi. Heila-slettur var uppum alla veggi og það var líkast því snjóað hefði fíðri í blóðpollana á gólfinu. Alda stóð drjúga stund með öxina í höndunum og starði á verksummerkin; svo kastaði hún skyndilega frá sér vopninu og tók á rás útúr skúrunum.

6.

Svanurinn koma að landi um fimmleytið með góðan afla. Þeir fengu gott hol um leið og þeir komu út á miðin, sjö tonn, tóku tvö hol til viðbótar, þá voru komin tíu tonn í lestina. Köllunum til mikillar furðu setti Indriði á ferð um leið og síðasti pokinn var kominn innfyrir lunnínguna og tók strikið í land. Og varla var endirinn kominn upp þegar Indriði stökk uppá bryggju. Hann gaf sér ekki tíma til að spjalla við þá gömlu sem að venju héngu á bryggiunni einsog mávager, heldur strunsaði uppí kaupfélag og festi kaup á tíu gíra reiðhjól. Indriði var á rosa-bullunum en samt hljóp hann við fót með reiðhjólíð innpakkað á herðunum.

Þegar hann nálgadist húsið hægði hann ferðina, brosið hvarf smámsaman af andlitinu og vandræðasvinur kom í staðinn. Við

útidyrnar setti hann niður hjólið, kveikti sér í sigarettu og reykti hana upp til agna áðuren hann barði að dyrum.

Alda opnaði dyrnar. Hún virti fyrir sér manninn sem brosti hjárænulögga.

— Ég er með smá gjöf handa drengnum Alda, sagði hann, — viltu biðja hann um að koma og kíkja á hana. Svo verður hann að fara að gera sig kláran, við leggjum í hann um leið og buið er að landa.

— Burt, sagði Alda.

— Hvar er drengurinn? spurði Indriði. — Hann er varla of merkilegur til að þiggja smá gjöf.

— Burt, endurtók Alda.

Indriði stóð fyrir utan læstar dyr. Við hlið hans lá innpakkað tíu gíra reiðhjól.

Vertu ekki með svona blá augu (1984)